

FRAMHALDSSKÓLINN Í VESTMANNAEYJUM

Sjálfsmatsskýrsla

2014

Vestmannaeyjum 2015

INNGANGUR	5
1. STEFNUSKRÁ FÍV	6
1.1 HLOTVERK FÍV	6
1.2 LEIÐARLJÓS FÍV	6
1.3 MARKMIÐ OG ÁHERSLUR.....	6
1.3.1 Markmiðin.....	7
1.3.2 Áherslur í skólastarfi vegna markmiðs 1	7
1.3.3 Áherslur í skólastarfi markmiðs 2.....	8
2. LÝSING Á STARFSEMI SKÓLANS	9
2.1 HLOTVERK	9
2.2 NÁMSBRAUTIR	10
2.3 SKIPURIT FÍV	11
3. UMFANG FÍV OG HELSTU HLUTFÖLL OG STÆRÐIR	12
3.1 NEMENDUR	12
3.2 HLUTFALLSLEG SKIPTING NEMENDA EFTIR KYNI.....	12
3.3 SKIPTING NEMA EFTIR NÁMSSTÖÐU	12
3.4 FJÖLDI ÚTSKRIFTANEMA EFTIR BRAUTUM	12
3.4.1 Hlutfall útskriftarnema eftir kyni	13
3.5 BROTTHVARF	13
3.6 FJÖLDI NEMENDA Á EINSTAKA NÁMSBRAUTUM.....	14
3.7 ALDURSHLUTFALL NEMENDA.....	15
3.7.1 Hlutfall nema 25 ára og yngri.....	16
3.8 STARFSFÓLK	16
3.8.1 Stjórnendur og kennarar.....	16
3.8.2 Annað starfsfólk	16
3.8.3 Hlutfallsleg kynjaskiptings starfsfólks	17
3.9 HÚSNÆÐI	17
3.10 STARFSTÍMI	17
3.11 KENNSLUSTUNDIR OG ÁFANGAR.....	18
3.12 MÆTINGAR NEMENDA	19
4. RAMMI UM SJÁLFSMAT FÍV	20
4.1 SJÁLFSMATSADFERÐ	20
4.1.1 Sjálfsmatsáætlun.....	22

4.2	STEFNUKORT FÍV.....	23
4.2.1	Aðgerðaáætlun	23
4.3	SKORKORT 2014.....	24
5.	NIÐURSTÖÐUR SJÁLFSMATS.....	25
5.1	AÐ SKÓLINN SKILI VÍÐSÝNUM NEMENDUM MEÐ TRAUSTA ÞEKINGU OG ÞROSKA SEM NÝTIST Í STARFI, LEIK OG NÁMI.	25
5.1.1	Aukin menntun nemenda	26
5.1.2	Aukinn þroski nemenda	26
5.1.3	Aukin ánægja með skólann	27
5.2	AÐ NEMENDUR ÖÐLIST AUKIÐ SJÁLFSTRAUST, BÚI SIG UNDIR AÐ TAKA-ÁBYRGÐ Á EIGIN LÍFI UM LEIÐ OG ÞEIR TILEINKA SÉR VIRÐINGU FYRIR SAMFERÐAFÓLKI OG UMHVERFI SÍNU. 27	
5.2.1	Líðan nemenda.....	28
5.2.2	Virðing fyrir samferðarfólki.....	28
5.3	AÐ FJÖLBREYTNÍ NÁMS Í SKÓLANUM BIRTIST HÆFILEGRI BLÖNDU BÓKNÁMS, VERKNÁMS OG NÁMS FYRIR ÞÁ SEM ÞURFA SÉRÚRRÆÐI.	28
5.4	AÐ LAGA NÁM OG KENNSLU AÐ ÞEIRRI SÉRSTÖÐU SEM HEIMABYGGÐIN HEFUR OG TAKA MIÐ AF ATVINNULÍFI OG MENNINGU VESTMANNAEYJA.	29
5.5	AÐ GÆÐI KENNSLUNNAR ER VERÐI TRYGGÐ, MEÐ HÆFUM VEL MENNTUÐUM KENNURUM OG VIRKU NÁMSUMHVERFI Í STÖÐUGRI ÞRÓUN OG ENDURSKOÐUN.	29
5.6	AÐ GÆÐI KENNSLUNNAR ER VERÐI TRYGGÐ, MEÐ HÆFUM VEL MENNTUÐUM KENNURUM OG VIRKU NÁMSUMHVERFI Í STÖÐUGRI ÞRÓUN OG ENDURSKOÐUN.	29
5.6.1	Hæfir kennarar	30
5.6.2	Virkt námsumhverfi	30
5.7	AÐ STJÓRNUN SÉ ÁVALLT SKÝR OG SKILVIRK, UNNIN Í GÓÐRI SAMVINNU VIÐ STARFSMENN OG NEMENDUR.	31
5.8	AÐ ALLIR STARFSMENN OG NEMENDUR SÉU MEÐVITAÐIR UM SKYLDUR SÍNAR OG RÉTTINDI OG ÖLL MÁL FÁI SANNGJARNA OG RÉTTLÁTA AFGREIÐSLU.	32
5.9	AÐ ALLIR STARFSMENN OG NEMENDUR HAFI GREIÐAN AÐGANG AÐ RÁÐGJÖF, HEILSUGÆSLU, LÍKAMSRÆKT OG ÞEIM TÆKJABÚNAÐI SEM NÁM OG ÖNNUR STÖRF KREFJAST.	
	33	
5.9.1	Náms- og starfsráðgjöf.....	34
5.9.2	Að starfað sé eftir raunhæfri og rökstuddri fjárhagsáætlun, innan þess ramma sem fjárheimildir leyfa, en jafnframt skal leita leiða til að auka sértekjur skólans.	34

5.10	AÐ SKÓLINN LEGGI SIG EFTIR SAMSTARFI VIÐ FORELDRA, AÐRA SKÓLA OG STOFNANIR, AÐILA ÚR ATVINNULÍFINU OG SVEITASTJÓRNIR Í OKKAR NÆSTA NÁGRENNI.	34
5.11	AÐ SKÓLINN REKI KYNNINGARSTARF OG TRYGGI STÖÐUGT UPPLÝSINGASTREYMI TIL FORELDRA OG SAMSTARFSADILA.	35
6.	SAMSTARFSVERKEFNI	37
7.	SAMANTEKT OG UMBÓTAÁÆTLUN	38
7.1	SAMANTEKT	38
7.2	UMBÓTAÁÆTLUN	38
8.	SJÁLFSMATSÁÆTLUN 2015	39
9.1	. INNGANGUR	39
9.2	HVAÐ Á AÐ META?	39

Inngangur

Sjálfsmat er hluti af lögbundinni starfsemi FÍV. Megintilgangur þess er að stuðla að framgangi markmiða skólans, meta hvort þeim hafi verið náð, endurskoða þau og stuðla að umbótum og vera þannig eðlilegur hluti af starfs- og þróunaráætlunum. Í lögum um Framhaldsskóla nr. 92/2008 er fjallað um mat og eftirlit með gæðum skólastarfsins í VII kafla laganna. Í 40 gr. er fjallað um markmið eftirlitsins og matsins og í 41. GR laganna er fjallað um innra mat skólanna þar sem kveðið er á um að hver framhaldsskóli skuli meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs og birta opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

Sjálfsmatskýrsla er gefin út árlega í febrúar samhliða ársskýrslu skólans.

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum notar stefnumiðað árangursmat við innra mat skólans og hefur tækið þá kosti helsta að það er auðvelt að aðlaga það breytingum sem verða í skólastarfinu á hverjum tíma. Skólanámskrá er greind í ákveðna þætti eftir viðfangsefnum, þeir settir í skorkort og markmið og mælingar á þeim ákveðin. Öflun gagna og tölfræðileg úrvinnsla, þegar það á við er unnin í skólanum. Gögnin eru rýnd á stjórnendafundum og öðrum fundum starfsfólks. Eftir það eru tillögur um úrbætur settar fram. Að endingu eru settar upp helstu áherslur og gerð áætlun um matsverkefni og umbætur fyrir næsta skólaár. Sú áætlun er yfirfarin á haustönn og ný áætlun kynnt á starfsmannafundi.

Ferlið við matsvinnuna:

1. Niðurstöður kannana og verkefna yfirfarnar og kynntar.
2. Ný lög og reglugerðir, þegar það á við, skoðuð með tilliti til stefnu og sjálfsmats skóla.
3. Styrk- og veikleikar greindir.
4. Stefna skólans og stefnukort yfirfarið með tilliti til skólasamnings.
5. Mats- og umbótaverkefni næsta árs ákveðin.
6. Stefnukort og Skorkort sett upp.
7. Sjálfsmats- og umbótaskýrsla unnin.

1. Stefnuskra FÍV

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum vill með stefnu sinni skapa hin bestu skilyrði til að þjóna því hlutverki sem honum er ætlað samkvæmt lögum, reglugerðum og Aðalnámskra framhaldsskóla.

1.1 Hlutverk FÍV

Hlutverk Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum er að efla alhliða þroska nemenda skólans svo að þeir geti tekið virkan þátt í samfélaginu, í starfi, frekara námi og leik. Skólinn leggur sérstaka áherslu á að gera nemendum kleift að stunda sem fjölbreyttast nám í sinni heimabyggð.

1.2 Leiðarljós FÍV

Leiðarljós skólans er að námið og skólastarfið almennt stuðli að alhliða þroska nemenda svo að þeir verði sem best búnir undir að taka virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi.

1.3 Markmið og áherslur

Í skólasamningi¹ Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum við Mennta- og menningarmálaráðuneyti sem gerður er í samræmi við 2.mgr. 44.gr. laga nr.92/2008 er fjallað um áherslur í starfsemi skólans.

Annar kafli skólasamningsins fjallar um hlutverk og megináherslur í skólastarfinu.

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum setur þar fram tvö meginmarkmið sem byggja á hlutverki hans og stefnu skv. skólanámskra, starfsáætlunum og umbótaáætlun í samræmi við innra mat.


¹ Samningur með gildistíma 1.janúar 2013 - 31.desember 2015.

Markmiðin eru:

1. **Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum vill bjóða fjölbreytt og gott nám, sem mætir kröfum nemenda og nærsamfélagsins á hverjum tíma.**
2. **Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum vill að starfsmönnum og nemendum líði vel í skólanum og að þeir fái tækifæri til að þroska samskipti, byggð á gagnkvæmri virðingu og skilningi.**

1.3.1 Markmiðin

Það er best að nota mynd til að lýsa hvað markmiðssetningin er gríðarlega mikilvæg fyrir allt skólastarfið.



1.3.2 Áherslur í skólastarfi vegna markmiðs 1

„Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum vill bjóða fjölbreytt og gott nám, sem mætir kröfum nemenda og nærsamfélagsins á hverjum tíma.“

Þetta markmið tengist þeim áherslum sem skólinn vill hafa varðandi nám, námsframboð, kennslu og nemendum/viðskiptavinum. En áherslurnar eru að;

- skólinn skili víðsýnum nemendum með trausta þekkingu og þroska sem nýtist í starfi, leik og námi.
- nemendur öðlist aukið sjálfstraust, búi sig undir að taka-ábyrgð á eigin lífi um leið og þeir tileinka sér virðingu fyrir samferðafólki og umhverfi sínu.

-
- fjölbreytni náms í skólanum birtist hæfilegri blöndu bóknáms, verknáms og náms fyrir þá sem þurfa sérúrræði.
 - laga nám og kennslu að þeirri sérstöðu sem heimabyggðin hefur og taka mið af atvinnulífi og menningu Vestmannaeyja.
 - gæði kennslunnar er verði tryggð, með hæfum vel menntuðum kennurum og virku námsumhverfi í stöðugri þróun og endurskoðun.

1.3.3 Áherslur í skólastarfi markmiðs 2

„Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum vill að starfsmönnum og nemendum líði vel í skólanum og að þeir fái tækifæri til að þroska samskipti, byggð á gagnkvæmri virðingu og skilningi.“

Þetta markmið tengist þeim áherslum sem skólinn vill hafa varðandi stjórnun, starfsmönnum, stoðþjónustu og nemendum/ samstarfsmönnum, en áherslurnar eru að;

- stjórnun sé ávallt skýr og skilvirk, unnin í góðri samvinnu við starfsmenn og nemendur.
- allir starfsmenn og nemendur séu meðvitaðir um skyldur sínar og réttindi og öll mál fái sanngjarna og réttláta afgreiðslu.
- allir starfsmenn og nemendur hafi greiðan aðgang að ráðgjöf, heilsugæslu, líkamsrækt og þeim tækjabúnaði sem nám og önnur störf krefjast.
- starfað sé eftir raunhæfri og rökstuddri fjárhagsáætlun, innan þess ramma sem fjárheimildir leyfa, en jafnframt skal leita leiða til að auka sértekjur skólans.
- skólinn leggi sig eftir samstarfi við foreldra, aðra skóla og stofnanir, aðila úr atvinnulífinu og sveitastjórnir í okkar næsta nágrenni.
- skólinn reki kynningarstarf og tryggi stöðugt upplýsingastreymi til foreldra og samstarfsaðila.

2. Lýsing á starfsemi skólans

2.1 Hlutverk

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum er framhaldsskóli í Vestmannaeyjum og starfar skv. lögum um framhaldsskóla nr 92/2008. Í lögunum segir m.a: Hlutverk framhaldsskóla er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda svo að þeir verði sem best búnir undir að taka virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi. Framhaldsskólinn býr nemendum undir störf í atvinnulífinu og frekara nám. Framhaldsskólinn leitast við að efla ábyrgðarkennd, víðsýni, frumkvæði, sjálfstraust og umburðarlyndi nemenda, þjálfar þá í öguðum og sjálfstæðum vinnubrögðum og gagnrýninni hugsun, kennir þeim að njóta menningarlegra verðmæta og hvetur til stöðugrar þekkingarleitar. Hlutverk skólans er samkvæmt samningi við menntamálaráðuneyti að halda úti kennslu á þeim námsbrautum sem tilteknar eru í 3. kafla samningsins og brautskrá þá nemendur er ljúka þar skilgreindum lokaprófum. Námsframboð er samsett af námi til stúdentsprófs á fjórum brautum, auk viðbótarnáms til stúdentsprófs fyrir þá sem lokið hafa ýmiskonar starfsnámi. Styttri bóknámsbrautir eru nokkrar, þar á meðal almenn námsbraut með vali um ýmsar áherslur. Verknámið samanstendur af vélstjórn, skipstjórn, grunnnámi helstu iðngreina og námi sjúkraliða. Skólinn rekur einnig starfsbraut fyrir fatlaða, þar sem nemendur eru á einstaklingsnámskrám. Einstaka námsbrautir eru ekki alltaf í rekstri, það er háð eftirspurn.

Skólinn rækir hlutverk sitt með hliðsjón af nemendafjölda og því fjármagni sem hann hefur til ráðstöfunar hverju sinni.


2.2 Námsbrautir

Á starfsárinu voru starfræktar eftirfarandi brautir við skólann skv. Aðalnámskrá 1999 og breytingum sem síðar hafa orðið á henni.

Braut	Heiti brautar
AN	Almenn námsbraut
AN-bók	Almenn námsbraut- bóknámslína
AN-íþr	Almenn námsbraut íþróttalína
AN-ver	Almenn námsbraut- verknámslína
FÉ	Félagsfræðibraut
GBM	Grunnnám bygginga- og mannvirkjagreina
GR06	Grunnnám rafiðna
HÚ9	Húsasmíði, samningsbundið iðnnám
MB	Málabraut
MG	Grunnnám í málm- og véltækni
NÁ	Náttúrufræðibraut
SJ	Sjúkraliðabraut
SK1	Skipstjórnarbraut SB, 45 metra skip
ST4	Starfsbraut
VSS	Viðbótarnám til stúdentsprófs af starfsnámsbrautum
VH	Viðskipta- og hagfræðibraut
VI	Viðskiptabraut
VA	Vélstjórnarbraut A
VB	Vélstjórnarbraut B
PG	Þjónustugreinar - grunnnám

2.3 Skipurit FÍV

Skipurit skólans hefur verið í endurskoðun og tók nýtt skipurit gildi haust 2014. Skipulagið er byggt á að stjórnunarþrep eru skýr og kjarnastarfsemi skólans er vel sýnilegt í ritinu.



Á skólaárinu 2014-2015 skipta skólameistari og aðstoðarskólameistari með sér störfum áfangastjóra.

3. Umfang FÍV og helstu hlutföll og stærðir

3.1 Nemendur

Önn	Fjöldi nema	Ein. á önn	Ein. lokið	Þreyttar einingar
Haustönn 2010	323	4865	3829	4240
Vorönn 2011	277	4159	3218	3651
Haustönn 2011	277	4112	3259	3681
Vorönn 2012	240	4084	3192	3679
Haustönn 2012	265	4513	3435	3806
Vorönn 2013	249	4049	3107	3659
Haustönn 2013	274	4395	3692	4097
Vorönn 2014	230	3804	2947	3410
Haust 2014	260	4366	3505	3932

3.2 Hlutfallsleg skipting nemenda eftir kyni

	Vor 2012	Haust 2012	Vor 2013	Haust 2013	Vor 2014	Haust 2014
KK	55,0%	51,6%	54,29%	57,92	58,26	53,14
KVK	45,0%	48,4%	45,71%	42,08	41,79	46,85

3.3 Skipting nema eftir námsstöðu

Fjöldi lokinna eininga	Haust 2010	Vor 2011	Haust 2011	Vor 2012	Haust 2012	Vor 2013	Haust 2013	Vor 2014	Haust 2014
0-20	43,9%	29,7%	28,3%	10,7%	24,9%	22,90%	35,50%	26,09%	32,4%
21-40	15,3%	18,4%	17,8%	21,7%	15,3%	19,30%	14,30%	22,61%	18,6%
41-60	14,6%	14,7%	15,1%	16,4%	15,7%	15,70%	15,00%	12,17%	16,0%
61-80	9,6%	14,7%	15,5%	12,7%	9,6%	10,4%	11,00%	11,30%	9,1%
81-100	6,3%	9,0%	9,3%	14,3%	11,7%	13,30%	9,50%	13,48%	6,9%
101-120	6%	7,9%	7,8%	9,0%	9,6%	9,20%	7,00%	8,26%	8,0%
121-140	4%	4,9%	5,4%	8,6%	8,9%	6,40%	5,90%	4,78%	6,2%
141-	0,3%	0,8%	0,8%	6,6%	4,3%	2,80%	1,80%	1,30%	2,8%

3.4 Fjöldi útskriftanema eftir brautum

	FÉ	MB	NÁ	VH	SJ	STB	VSS	VA	VB	GR06	VV2
Vor 2011	6		5	1	1	1	1		3		1
Haust 2011	6		7	1			1			3	
Vor 2012	11		7		1			1	3		
Haust 2012	4	1	10	1	1						
Vor 2013	11		9			2	3		1		
Haust 2013	8	1	9	1	3		5			5	
Vor 2014	9		4		4	3	2			2	
Haust 2014	4	2	9				2		1		

3.4.1 Hlutfall útskriftarnema eftir kyni

	KVK	KK
Vor 2011	52,6%	47,4%
Haust 2011	78,6%	21,4%
Vor 2012	35,0%	65,0%
Haust 2012	58,8%	41,2%
Vor 2013	72,7%	27,3%
Haust 2013	53,6%	46,4%
Vor 2014	42,3%	57,7%
Haust 2014	55,6%	44,4%

3.5 Brotthvarf

Vor 2014

Ástæður brotthvarfs	Kyn		Fæðingarár				
	Karl	Kona	1997	1996	1995	1994	Eldri
Fór að vinna	17	6		2	4	2	15
Hætti vegna verkfalls í framhaldsskólum							
Flutningar		1					1
Fannst námið tilgangslaust/áhugaleysi		1	1				
Vísað úr skóla/brot á skólareglum	3	1			1		3
Fór í annan skóla	1	1	1				1
Veikindi	2	1					3
Persónulegar ástæður	1						1
Annað		1			1		
Samtals	24	12	2	2	6	2	24

Haust 2014

Ástæður brotthvarfs	Kyn		Fæðingarár				
	Karl	Kona	1998	1997	1996	1995	Eldri
Fór að vinna	1						1
Fannst námið tilgangslaust/áhugaleysi	2					1	1
Nám of erfitt	1		1				
Andleg veikindi	1	1			2		
Annað		1	1				
Samtals	5	2	2	0	2	1	2
Annað: of mikið álag V/ annars náms							

3.6 Fjöldi nemenda á einstaka námsbrautum

Skipting nemenda eftir brautum, fjöldi									
Braut	Heiti brautar	Vor 2011	Haust 2011	Vor 2012	Haust 2012	Vor 2013	Haust 2013	Vor 2014	Haust 2014
AN	Almenn námsbraut	11	10	3	6	7	8	6	25
AN-bók	Almenn námsbraut-bóknámslína	19	20	13	17	18	14	13	16
AN-íþr	Almenn námsbraut - íþróttalína	8	7	7	4	3	3	3	3
AN-ver	Almenn námsbraut-verknámslína	3	9	7	4	3	5	5	5
FÉ	Félagsfræðibraut	90	89	82	84	85	79	78	72
GBM	Grunnnám bygginga- og mannvirkjagreina				1				
GR06	Grunnnám rafiðna	8	12	16	12	11	5	5	1
HÚ9	HÚSASMÍÐI,samningsb. iðnnám								
MB	Málabraut	3	1	3	3	1	3	3	4
MG	Grunnnám í málm- og véltækni	6	3	4	3	4	4	4	
NÁ	Náttúrufræðibraut	63	74	66	82	68	68	67	73
ÓTN	Ótilgreint nám	2			6	2	4	4	
SJ	Sjúkraliðabraut	13	10	11	11	9	9	8	16
SK1	Skipstjórnarbraut SB, 45 metra skip			1		1	8	8	
STB	Starfsbraut	4	4	6	6	6	6	6	5
VSS	Viðbótarnám til stúdentsprófs af starfsnámsbrautum	3	2	0	2	2	1	2	5
VH	Viðskipta- og hagfræðibraut	5	2	4	7	5	3	3	8
VI	Viðskiptabraut	1							
VV2	Vélstjórnarbraut 2. stig	1	1						
VA	Vélstjórnarnám A réttindi	2	1	1	3	2	9	4	5
VB	Vélstjórnarbraut B réttindi	24	13	16	14	18	12	12	21
	Samtals	266	258	240	265	245	241	230	260

3.7 Aldurshlutfall nemenda

Hlutfallsleg skipting nema eftir árgöngum						
Árgangur	Vor 2012	Haust 2012	Vor 2013	Haust 2013	Vor 2014	Haust 2014
1956						0,41%
1957		0,40%		0,42%	0,43%	
1958	0,40%		0,41%	0,42%	0,43%	
1960	0,80%					
1961	0,80%	0,40%	0,82%			
1962	0,40%	0,40%	0,41%			
1963		0,40%	0,41%	0,42%	0,42%	
1964						0,41%
1965	0,40%					
1966	1,60%	0,70%	0,41%	0,83%	0,87%	0,41%
1968		0,40%				0,41%
1969	0,40%					
1970	0,80%	0,40%				0,82%
1972				0,83%	0,87%	
1973		0,40%	0,41%	0,83%	0,87%	0,41%
1974	0,40%	0,40%	0,41%	0,83%	0,87%	0,41%
1975	0,80%	0,70%	1,22%	0,42%	0,43%	0,82%
1976			0,41%			0,41%
1979		0,40%	0,82%			
1980		0,40%				0,82%
1981	0,40%	0,70%	1,22%	1,25%	0,87%	
1982		0,40%				
1983				0,42%	0,43%	0,41%
1984	0,40%			0,42%	0,43%	1,23%
1985		0,70%		0,83%	0,87%	0,82%
1986	0,40%	0,70%				
1987	0,80%	1,40%	0,82%	1,25%	1,30%	0,82%
1988	0,80%	0,70%	1,63%	0,42%	0,43%	
1989	2,00%	1,10%	0,41%	1,67%	1,74%	
1990	5,20%	3,20%	3,67%	1,67%	1,74%	0,82%
1991	4,40%	3,90%	2,86%	2,50%	2,61%	1,23%
1992	13,70%	7,80%	7,35%	2,92%	3,04%	2,06%
1993	22,60%	16,40%	12,65%	5,00%	4,78%	5,76%
1994	23,40%	20,30%	21,63%	10,83%	10,00%	6,17%
1995	19,00%	14,90%	17,55%	13,75%	13,91%	10,70%
1996		22,80%	24,49%	23,33%	23,91%	19,75%
1997				28,75%	29,13%	25,1%
1998						19,71%

3.7.1 Hlutfall nema 25 ára og yngri

	Vor 2012	Haust 2012	Vor 2013	Haust 2013	Vor 2014	Haust 2014
Hlutfall nema 25 ára og yngri	92,30%	93,20%	93,06%	90,84%	90,86%	91,30%

3.8 Starfsfólk

Á árinu 2014 störfuðu að jafnaði 37 einstaklingar við Framhaldsskólanum í Vestmannaeyjum. Í kennslu, námsráðgjöf og stjórnun eru 20,89 stöðugildi á haustönn 2014 sem er heldur minna en á haustönn 2013, en þá voru stöðugildin 22,75.

3.8.1 Stjórnendur og kennarar

Stjórnun er þannig háttað, að dagleg yfirstjórn er í höndum skólameistara og aðstoðarskólameistara. Á haustönn 2014 fór skipaður skólameistari í veikindaleyfi og var aðstoðarskólameistari settur í hans stað. Áfangastjóri tók stöðu aðstoðarskólameistara og skipta settur skólameistari og aðstoðarskólameistari með sér störfum áfangastjóri en jafnframt var staða aðstoðarskólameistara aukinn upp 100% stöðu úr 77% stöðu.

Brautarstjórar eru yfir vélstjórnarbraut og starfsbraut fatlaðra og eru þeir ráðnir úr hópi kennara, umbun felst í hærri launaflokkun.


Verkefnastjórar eru ráðnir úr hópi kennara til að stýra eftirfarandi verkefnum: Forvarnir og umsjón í vélasal. Verkefnastjórnin er launuð með viðbótar launaprepum.

3.8.2 Annað starfsfólk

Við önnur störf áður ótalin, starfa að jafnaði 11 – 14 einstaklingar. Þrír eru í fullu starfi, það eru skólaritari, forstöðumaður bókasafns (sem jafnframt er ritstjóri heimasíðu) og umsjónarmaður húsnæðis. Í hlutastörfum eru fjármálastjóri (75%), matráðskona (42%), 6 ræstitæknar (47% starf hjá hverjum) og tveir eru til vara.

Stuðningsfulltrúi á starfsbraut (60%),kerfisstjóri, tölvuumsjón og viðhald (75%).

3.8.3 Hlutfallsleg kynjaskiptings starfsfólks



3.9 Húsnæði

Skólahúsnæðið er í heild 3.172 fermetrar og þar af eru 918 fermetrar kennslurými. Í skólanum eru 14 kennslustofur, 1 stórt rými með borðum fyrir nemendur sem jafnframt er hátíðarsalur og notaður í prófum, skrifstofur og bókasafn. Endurnýjað var áklæði á stólum einnar kennslustofu.

Í sjálfsmatskýrslu 2013 kom fram að tækjakostur í kennslustofum þarfnáðist endurnýjunar en með með notkun á opnum hugbúnaði var hægt að lengja líftíma búnaðarins. Á vorönn 2014 var ljóst að ekki var lengur unað við að nota opin hugbúnað. Kerfið var stöðugt en það vantaði allan stuðning við innleiðinguna og flest efni sem verið var að vinna með í kennslunni krafðist annars konar hugbúnaðs. Það var vissulega reynt að yfirfæra það yfir á annað form en það komu allt of oft upp villur. Ákveðið var að taka aftur upp Microsoft hugbúnað og kaupa þar til gerð leyfi. Jafnframt þurfti að endurnýja tölvur, skjái, skjávarpa og endurnýja þráðlaust net. Bæta við hörðum diskum og vinnsluminni í þær tölvur sem enn var hægt að nota.

Á bókasafni skólans er kennslutengt efni auk afþreyingarefnis. Forstöðumaður bókasafns er bókasafnsfræðingur og útvegar millisafnalán ef nauðsynlegar bækur eru ekki til. Á bókasafninu eru einnig vinnuborð og lessalur fyrir nemendur. Nemendur hafa aðgang að tölvum á bókasafni.

3.10 Starfstími

Skólinn er opinn 10 mánuði á ári en kennsla fer fram í 9 mánuði frá lokum ágústmánaðar til loka maí mánaðar. Skólaárið skiptist í tvær annir; haustönn sem lýkur með prófum í desemberlok, og vorönn sem lýkur með prófum í maílok. Að jafnaði eru 10 dagar notaðir fyrir próf á hvorri önn og 2-3 dagar í frágang þeirra. Hefð er fyrir því að útskrifað sé á

laugardögum. Röskun var á kennslu á vorönn 2014 vegna verkfalls kennara og aðstoðarstjórnenda. Mánudaginn 17. mars hófst verkfallið og þriðjudaginn 8. apríl hófu kennarar og aðstoðarstjórnendur aftur störf. framhaldsskólakennara og stóð í 3 vikur. Á meðan á verkfallinu stóð var skólinn opinn og nýttu sumir nemendur sér það, lásu námsbækurnar og gerðu verkefni. Til að ljúka önninni var kennsludögum bætt við á hefðbundnum frídögum (og kennt lengra fram í maí en upphaflegar áætlanir höfðu gert ráð fyrir²).

Kennsluvikur á hvorri önn eru u.þ.b. 15 og reynt er að hafa annirnar sem jafnastar.

3.11 Kennslustundir og áfangar

	Kenndir tímar	Kenndir tímar í sérdeild m. álagi	Samtals tímar	Meðalfjöldi nemenda í hóp ³ Allir hópar	Meðalfjöldi í hóp ⁴ eingöngu bóknám
Haust 2009	455,5	35,5	491	17,3	22
Haust 2010	463,0	38,5	501,5	18,2	20,4
Haust 2011	433,0	38,5	471,5	19,2	21,9
Haust 2012	457,5	40,0	497,5	16,3	18,6
Haust 2013	437,0	40,0	477,0	17,5	19,25
Haust 2014	418,0	40,0	458,0	19,92	20,98

Fjöldi nemenda í hóp ⁵ Bóknám og verknám	Fjöldi hópa 2011	Fjöldi hópa 2012	Fjöldi hópa 2013	Fjöldi hópa 2014
5-10	17	27	17	8
11-15	10	14	16	12
16-20	12	19	21	19
21-25	23	18	19	26
26-30	11	17	10	7
30-	0	1	2	5
Samtals:	70	81	85	77



² Kennt 22. og 24. apríl og fram til 9. maí.

³ Hópar í sérdeild eru ekki taldir með

⁴ Hópar í sérdeild eru ekki taldir með

⁵ Á haustönn

3.12 Mætingar nemenda



4. Rammi um sjálfsmat FÍV

Sjálfsmat er hluti af lögbundinni starfsemi skólans. Megintilgangur þess er að stuðla að framgangi markmiða skólans, meta hvort þeim hafi verið náð, endurskoða þau og stuðla að umbótum og vera þannig eðlilegur hluti af starfs – og þróunaráætlunum. Við sjálfsmatið notar skólinn Stefnumiðað árangursmat.

4.1 Sjálfsmatsaðferð

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum notar aðferðarfræði Kaplans og Nortons, *Stefnumiðað árangursmat* við stefnumótun og sjálfsmat. Markmiðum skólanámskrár er raðað inn í skorkort eftir viðfangsefnum.

1. Fyrst setur skólinn sér stefnu og markmið í skólastarfinu sem taka mið af framtíðarsýn og hlutverki hans, en um leið er þeim ætlað að bæta skólastarfið. Helstu markmiðum er stillt upp í skorkorti sem sýnir að hvaða þáttum (víddum) skólastarfsins þau snúa að; “viðskiptavinum”, innri ferlum í skólastarfinu eða fjármálum.
2. Næst eru settir upp mælikvarðar (mælitæki) til að mæla hvernig okkur gengur að ná settum markmiðum. Oft þarf að nota fleiri en einn mælikvarða á hvert markmið. Á þessu stigi fer fram hið stöðuga mat á því hvernig skólastarfið gengur, ýmist með reglubundnum könnunum, samantekt á upplýsingum sem verða til jafnt og þétt eða samanburði.

Framkvæmd mælinganna fer fram með því að:

- Upplýsingar eru teknar úr upplýsingakerfum skólans.
 - Upplýsingum er safnað með könnunum
 - Utanaðkomandi sérfræðingar eru fengnir til að gera kannanir.
3. Til að bregðast við niðurstöðum úr áður nefndum mælingum höfum við aðgerðastig, þar sem skilgreindar eru þær aðgerðir, sem eiga að bæta árangur ef illa eða ekki gengur að ná settum markmiðum. Hver aðgerð er skilgreind sem afmarkað verkefni, með tilheyrandi tímaáætlun, ábyrgðarmanni og eftirfylgni. Ef markmið nást eru þau endurskoðuð og ný sett.

Vinnulag, samhengi markmiðs, mælikvarða og aðgerða



Mælikvarði	Aðgerðir
Vísbending Við erum á réttri leið miðað við markmiðið Lýsing á mælikvarðanum Lýsing á mæliaðferð Hægt að endurtaka mælingu Reikniaðferðir Hvað er með og hvað er ekki með Upphafsviðmið Hver er núverandi staða? Viðmið fyrir hvert tímabil Hvaða árangri ætlum við í raun að ná? Ábyrgð á mælingunni Tíðni	<ul style="list-style-type: none"> ▶ Hefur áhrif á mælikvarðann þannig að viðmið náist ▶ Vel skilgreint verkefni ▶ Hefur upphaf ▶ Hefur endir ▶ Ábyrgð fyrir verkefni skilgreind ▶ Megináfangar skilgreindir ▶ Ábyrgð á megináföngum ▶ Upphaf og endir megináfanga ▶ Kostnaðaráætlun ▶ Aðgerðir eru kláraðar á árinu !

Markmiðin, mælingarnar og aðgerðaáætlunin eru birtar á heimasíðu og um þær fjallað í árlegri sjálfsmatsskýrslu, þannig að kerfið er opið og öllum sýnilegt.

4.1.1 Sjálfsmatsáætlun

	2012	2013	2014	2015	2016
Ágúst	Starfsmannakönnun	Starfsmannakönnun			
September					
Október					
Nóvember	Áfangamat	Áfangamat	Áfangamat	Áfangamat	
Desember	Úrvinnsla annar Skýrslugerð fyrir árið 2011	Úrvinnsla annar Skýrslugerð fyrir árið 2012	Úrvinnsla annar Skýrslugerð fyrir árið 2013	Úrvinnsla annar	
Janúar					
Febrúar				Starfsmannaviðtöl	
Mars					
	Skólamat	Skólamat		Skólamat	
	Áfangamat	Áfangamat		Áfangamat	
Apríl	Starfsmannaviðtöl	Starfsmannaviðtöl		Starfsmannaviðtöl	
Mai					
Júní	Úrvinnsla annar	Úrvinnsla annar	Úrvinnsla annar		

Sjálfsmat er byggt á á að mæla þá þætti sem eru í stefnukorti Framhaldsskólans. Reynt er að mæla sem flesta þætti hverju sinni. En markmiðið er að heildarmynd fái á öllum þáttum stefnunnar á þriggja ára tímabili.

4.2 Stefnukort FÍV

Stefnukort er aðlagð samfara gerð skólasamninga og var nýr samningur undirritaður í mars 2013. Ekki urðu miklar breytingar á setnu skólans samfara þeirri samningagerð. Stefnukort endurspeglar stefnu skólans.


4.2.1 Aðgerðaáætlun

Hver mælikvarði er metin skipulega og tilgreint á hvaða tíma það er gert. Sett er upp aðgerðaráætlun á hverju ári. Tekið er tillit til umbótaáætlunar auk þess að markmið sjálfsmatsins að allir hlutar skólastarfsins skulu metnir á þriggja ára tímabili.

.Aðgerðaráætlun 2014												
Mat á mælikvörðum	Janúar	Febrúar	Mars	Apríl	Maí	Júní	Júlí	Ágúst	September	Október	Nóvember	Desember
V.1.1.1 Mat á vinnubrögðum nemenda												
V.2.1.1 Námsframboð												
V.2.1.2 Viðhorf samfélagsins												
V.3.1.1 Að mæla "þroska" nemenda.												
V.4.1.1 Mæling á ánægju nemenda												
V.4.1.2 Könnun á viðhorfum nemenda til kennsluaðferða												
V.4.1.3 Að fá gestafyrirlesara												
V.5.1.1 Mæling á líðan nemenda												
V.5.1.2 Þjálfun í öguðum og sjálfstæðum vinnubrögðum												
V.5.2.1 Mæling á upplýsingastreymi												
V.6.1.1 Kanna ímynd skólans												
I.1.1.1 Viðhorfskönnun												
I.1.2.1 Áfangamat-kennslumat												
I.1.3.1 Jafningamat												
I.1.4.1 Kennsla á Innu og námskjánum												
I.2.1.1 Fjöldi innritaðra og útskrifaðra nemenda												
I.2.1.2 Markviss nýsköpun												
I.2.2.1 Fjöldi nema sem vildu fara á námsbraut sem ekki er í boði við FÍV												
I.2.2.2 Mat á nýju námsframboði												
I.3.1.1 Aðgerðir á áætlun												
I.4.1.1 Viðhorf til skólaumhverfis												
I.4.1.2 Öryggisstaðlar												
I.5.1.1 Kynningaráætlun												
S.1.1.1 Könnun á sí- og endurmenntun starfsmanna												
S.1.2.1 Starfsánægjukönnun												
S.3.1.1 Könnun á upplýsingastreymi												
S.4.1.1 Samstarfsverkefni												
S.5.1.1 Viðhorf til vinnustaðarins												
F.1.1.1 Úttekt á afkomu skólans												
F.1.2.1 Hlutfall yfirvinnu												
F.1.3.1 Samanburður												

4.3 Skorkort 2014

Stöðu og uppsetningu sjálfsmatsins er best hægt að lýsa með því að skoða skorkort skólans. Á þeirri mynd má sjá stöðu skorkortsins eftir árið 2014. Þar má sjá þau markmið sem eru í stefnu skólans með litunum grænum, gulum, rauðum og bleikum lit, mismunandi eftir því hvað við á. Skorkortinu er ætlað að lýsa hvernig til tekst við að uppfylla þau markmið sem skólinn hefur sett sér og á þriggja ára tímabili á að fást gott yfirlit um hvernig til tekst.



- Merkir að mælingar eru í samræmi við markmið, mæling fór fram á þessu sjálfsmats tímabili. Ljósari litur merkir að mæling hefur farið fram áður og var í samræmi við markmið.
- Merkir að mælingar eru ekki alveg í samræmi við markmið en þó er um eðlileg frávik að ræða.
- Merkir að mælingar eru ekki í samræmi við markmið, skoða skal hvort ekki sé rétt að grípa til sérstakra aðgerða til að ná settum markmiðum
- Verið er að framkvæma mælingar
- Mælingar ekki hafnar

5. Niðurstöður sjálfsmats

Niðurstöðum sjálfsmats er safnað eftir því hvaða markmið er verið að mæla en við hvert markmið skorkortsins eru mælikvarðar. Niðurstöðunum er safnað og fæst þannig samanburður við fyrri mælingar.

Sjálfsmatinu er ætlað að mæla hversu vel tekst til að ná þeim markmiðum sem skólinn hefur sett fram í skólasamningi.

Á árinu 2014 komu út niðurstöðu rannsókna meðal framhaldsskólanema á Íslandi 2013. Í þeirri rannsókn eru skoðaðir félagslegir þættir nemendanna og er vinna hafin við að skoða þessa rannsókn með tilliti til hvernig þeir hafa birst í sjálfsmati 2013.⁶

A. Mat á hvernig skólanum tekst til við að bjóða fjölbreytt og gott nám, sem mætir kröfum nemenda og nærsamfélagsins á hverjum tíma

Þetta markmið tengist þeim áherslum sem skólinn vill hafa varðandi nám, námsframboð, kennslu og nemendum/viðskiptavinum. Búið er að skilgreina þau markmið nánar og verður hér á eftir gerð grein fyrir hverjum þætti og þeim mælikvörðum sem notaðir eru til að meta þá og hvað það er sem við erum að skoða sérstaklega.

5.1 Að skólinn skili víðsýnum nemendum með trausta þekkingu og þroska sem nýtist í starfi, leik og námi.

Þessir þættir snúa allir í skorkorti að viðskiptamannavíddinni og hafa verið metnir með spurningum í skólamati. Skólamat hefur verið framkvæmt með því að senda spurningalista í gegnum kennslukerfi skólans. Á haustönn 2014 var skipt um kennslukerfi og möguleikinn á kennslumati var til staðar eins og eldra kerfi fyrr en í ársbyrjun 2015. Rafrænar kannanir voru því eingöngu framkvæmdar af utanaðkomandi aðilum á árinu.

Bætt hefur verið við matið rýni í brautar- og áfanganalýsingar auk þess sem náms- og kennsluáætlanir verða rýndar. Vinna á sér stað við gerð nýrra brautarlýsinga og áfanganalýsinga og samhliða þeirri vinnu verða til nýjar náms- og kennsluáætlanir. Við höfum ákveðið að útbúa gátlista⁷ til að auðvelda okkur að skoða uppbyggingu námsins þannig að nemendur nái

⁶ Tveir kennarar hafa fengið það verkefni að skoða þennan þátt en honum er ekki lokið.

⁷ Ekki er búið að útbúa þessa lista. Námskrárvinnan gengur hægar en áætlanir gerðu ráð fyrir, listarnir verða búnir til í kjölfar nýrra brautalýsinga.

sífelld meiri hæfni og hafi þar náð meiri þroska. Ný námskrá sem byggir á hæfniðmiðunum svarar þessum spurningum, skoðum á hvaða hæfniþrepi nemendur okkar eru og hvað það tekur langan tíma að komast á milli þrepa.


Hér eru notaðir mælikvarðarnir	Númer í skorkorti
<ul style="list-style-type: none"> • Víðsýni • Traust þekking • Notagildi menntunar • Þroski 	<p>V1 – aukin menntun nemenda</p> <p>V3- aukinn þroski nemenda</p> <p>V4- aukin ánægja með skólann</p>

5.1.1 Aukin menntun nemenda

Skólinn hefur það markmið að auka menntun nemenda. Hvort það gerist er metið með því að leggja þrjár spurningar fyrir í skólamatinu. Á árinu 2014 var ekki lagt fyrir skólamat.

- Ertu áhugasamur um námið í FÍV?
- Vekja kennararnir hjá þér áhuga á að læra?
- Ná kennararnir athygli nemenda?

Þessir þættir vega jafnt þegar staðan er metin.



5.1.2 Aukinn þroski nemenda⁸


“Hlutverk framhaldsskóla er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og virkri þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi með því að bjóða hverjum nemenda nám við hæfi.” Þannig að með því að bjóða nám við hæfi þá erum við um leið að stuðla að alhliða þroska nemenda⁹.

⁸ frá árinu 2013.


⁹ Ný námskrá sem verður tilbúin 2015 þá er náminu skipt á ákveðin hæfniþrep og getum við munum þá skoða á hvaða þrepi nemi stundar nám, á hvaða þrepi hann innritast og á hvaða þrepi hann útskrifast.

Við metum þetta með því að spyrja tveggja spurninga. Annars vegar hvort verkefni í skólanum séu krefjandi og hins vegar hvort þeir setji sér eigin námsmarkmið.

En eins og í spurningunum hér á undan þá vilja nemendur velja miðgildið. Til að sýna hvað það munar miklu ef sá þáttur er talinn ásættanlegur þá bætum við þriðju súlunni við og köllum Raunstöðu+



5.1.3 Aukin ánægja með skólann



5.2 Að nemendur öðlist aukið sjálfstraust, búi sig undir að taka-ábyrgð á eigin lífi um leið og þeir tileinka sér virðingu fyrir samferðafólki og umhverfi sínu.


Þessir þættir eru metnir með spurningum í skólamat og snúa allir í skorkortinu að viðskiptamannavíddinni. . Ekki var framkvæmt rafrænt kennslumat á árinu 2014 en framkvæmt var plús delta¹⁰ mat, í því mati kom fram í öllum áföngum að nemendur voru almennt ánægðir í kennslustundum og liði vel.

¹⁰ Plús Delta áfangamat er framkvæmt með þeim hætt að skólameistari fer inn í kennslustundir ásamt aðstoðarskólameistara(sem er ritari), kennarinn fer úr kennslustofunni. Skólameistari spyr tveggja spurninga: A. Hvað er gott við kennsluna í áfanganum? B. Hvað má betur fara? Ein spurning er borinn fram í einu og fá nemendur umhugsunartíma. Skólameistari gengur á milli nemenda og fær svör við spurningunum og aðstoðarmeistari ritar svörin niður.


Hér eru notaðir mælikvarðarnir	Númer í skorkorti
<ul style="list-style-type: none"> • Sjálfstraust • Ábyrgð • Virðing fyrir samferðafólki • Virðing fyrir umhverfi 	V5

5.2.1 Líðan nemenda

Flestum nemendum líður vel í kennslustundum. Á haustönn 2014 kom fram í plús delta matinu að nemendur tilgreindu að líðan þeirra í kennslustundum væri góð.




5.2.2 Virðing fyrir samferðarfólki



5.3 Að fjölbreytni náms í skólanum birtist hæfilegri blöndu bóknáms, verknáms og náms fyrir þá sem þurfa sérúrræði.

Hér eru notaðir mælikvarðarnir	Númer í skorkorti
<ul style="list-style-type: none"> • Fjölbreytni í námí • Hlutfall bók-, verknáms og sérúrræða 	V2 I2



Á árinu 2014 voru notuð önnur gögn en vaninn er, stuðst var við rannsókn sem gerð var fyrir Fræðslunetið, SASS og Vinnumarkaðsráð Suðurlands. R3-Ráðgjöf ehf vann rannsóknina. Einungis er tekið tillit til þeirra sem tóku afstöðu og voru það foreldrar barna í 10 bekk sem svöruðu og var fjöldi svara 54. Það er ljóst að þennan þátt þarf að skoða sérstaklega í umbótaáætlun ársins 2015.

5.4 Að laga nám og kennslu að þeirri sérstöðu sem heimabyggðin hefur og taka mið af atvinnulífi og menningu Vestmannaeyja.

Hér eru notaðir mælikvarðarnir	Númer í skorkorti
<ul style="list-style-type: none"> • Sérstaða Eyjanna í kennslu og námi • Áhrifamikil náttúra • Áhrifamikil menning 	I 1

5.5 Að gæði kennslunnar er verði tryggð, með hæfum vel menntuðum kennurum og virku námsumhverfi í stöðugri þróun og endurskoðun.

Þessir þættir snúa allir að víddinni innri ferlum í skorkortinu.

Hér eru notaðir mælikvarðarnir	Númer í skorkorti
<ul style="list-style-type: none"> • Hæfir kennarar • Virkt námsumhverfi 	II

5.6 Að gæði kennslunnar er verði tryggð, með hæfum vel menntuðum kennurum og virku námsumhverfi í stöðugri þróun og endurskoðun.


Þessir þættir snúa allir að víddinni innri ferlum í skorkortinu.

Hér eru notaðir mælikvarðarnir	Númer í skorkorti

- Hæfir kennarar
- Virkt námsumhverfi

II

5.6.1 Hæfir kennarar



5.6.2 Virkt námsumhverfi

Skólinn notaði kennslumhverfið „Námsskjár“ fram til ársins 2013. Þá tók hann upp Moodle í eitt ár en núna hefur námsumhverfið Inna tekið við.

Dregið hefur úr hlutfalli þeirra nema sem notar tölvu í kennslustundum. Við tókum eftir að nemendur eru með snjallsíma og nota þá til upplýsingaöflunar sem og til samskipta. Þannig virðist sem að síminn komi í staðinn fyrir fartölvuna.

Framhaldsskólinn innleiddi að fullu opinn hugbúnað á haustönn 2013. Innleiðingin gekk vel fram af einstaklingarnir sem voru að vinna með kerfið gerðu sér grein fyrir að það tæki tíma að venjast nýjum hugbúnaði en því miður reyndist hann ekki nothæfur til þess starfs sem verið er að vinna í skólanum. Samhæfing við Microsoft var ekki nægjanlega góð og það sem var verst að þessi hugbúnaður hafi ekkert fram yfir eldri búnað sem fólk var vant að nota einungis var hægt að finna vankanta og vandamálin urðu sífellt meiri og fólk hætti að nota kerfið og gat alls ekki treyst á það. Á haustönn 2014 var horfið frá notkun á opnum hugbúnaði og tekin upp Microsoft hugbúnaður og keypt leyfi. Jafnframt var notkun Moodle hætt og skólinn tekur þátt í tilraunverkefni með Advanía, kennslumhverfi í Innu¹¹.

¹¹ Fyrsta mat á kennslumhverfi Innu verður í annarlök haust 2014.

B. Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum vill að starfsmönnum og nemendum líði vel í skólanum og að þeir fái tækifæri til að þroska samskipti, byggð á gagnkvæmri virðingu og skilningi.

5.7 Að stjórnun sé ávallt skýr og skilvirk, unnin í góðri samvinnu við starfsmenn og nemendur.

Hér eru notaðir mælikvarðarnir	Númer í skorkorti
<ul style="list-style-type: none">• Skýr stjórnun• Skilvirk stjórnun• Samvinna	S1

Stjórnun

Stjórnun á að vera skýr og skilvirk. Ábyrgðartafla auðveldar starfsfólki að átta sig á hver ber ábyrgð á einstaka störfum innan skólans. Farið er yfir hana árlega og athugað hvort hún þarfnist endurbóta. Ákveðið var að gera gæðahandbók og skal innleiðingu hennar verið lokið fyrir haustið 2015. Við gerð handbókarinnar eru ferlar skólans kortlagðir. Ábyrgð skilgreind og efld verða samræmd vinnubrögð. Fundargerðir skólanefndar birtast á heimasíðu skólans og þar eiga bæði kennarar og nemendur fulltrúa. Fundargerðir kennarafundar liggja frammi til skoðunar á kaffistofu starfsmanna. Jafnréttisstefna er á heimasíðu skólans og snýr jafnt að starfsfólki og nemendum. Jafnréttisstofa gefur umsögn um stefnuna, síðast árið 2013 og þá var umsögnin að stefnan uppfylli þær kröfur sem gerðar eru skv. jafnréttislögum¹².

	Staða
Ábyrgðartafla	Nýtt skipurit- unnið að gerð gæðahandbókar.
Fundargerðir skólanefndar	Á heimasíðu
Fundargerðir kennarafunda	Sendar með tölvupósti til kennarar, eru á innri vef ¹³ .
Starfsmannafundir	Sendar með tölvupósti til starfsmanna. Eru á innri vef starfsmann ^{14a} .

¹² Ekki borist umsögn frá jafnréttisstofu á árinu 2014.

¹³ Innri vefur kennara verður tekin í notkun í október 2014.

¹⁴ Innri vefur starfsmanna verður tekin í notkun í október 2014.

Jafnréttisstefna	Stenst úttekt
------------------	---------------

Starfsmenn meta stjórnendur í könnun SFR um stofnun ársins. Trúverðugleiki stjórnenda fékk 4,03 í einkunn, meðaltali hjá stofnunum að svipaðri stærð er 3,92.

Samvinna við starfsmenn

Kennarafundir eru mánaðarlega á starfstíma skóla, starfsmannafundir í upphafi hverrar annar. Skólafundir eru tvisvar á ári. Á þessum fundum er haft að leiðarljósi að allir geti haft skoðun og komið henni að. Leitast er við að fundirnir séu ekki einvörðungu upplýsingafundir. Einnig eiga kennarar aðila í skólanefnd og skólaráði. Starfsmannafélag er starfandi við skólann og eiga þar aðild allir starfsmenn skólans nema þeir sem sérstaklega óska eftir því að vera ekki aðilar að félaginu.

Við metum samvinnu með könnun SFR, en þar er einnig spurt um starfsanda og sjálfstæði í starfi og var Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum yfir meðaltali í báðum þessum þáttum.

	Þátttakendur
Kennarafundur	Kennarar, stjórnendur, námsráðgjafi
Starfsmannafundur	Allir starfsmenn
Skólaráð	Fulltrúi kennara, stjórnendur
Skólanefnd	Fulltrúi kennara, skólameistari
Starfsmannafélag	Allir starfsmenn

Samvinna við nemendur

Nemendur eiga fulltrúa í skólanefnd og skólaráði. Nemendur eru þátttakendur á skólafundi. Leitast er við að hafa nemendur með í ákvarðanatöku, þeir eru teknir með á fundi sem varða málefni þeirra og leitað eftir þeirra hugmyndum. Tæplega 80 % nemenda telja að nemendafélagið hafi áhrif í skólanum.

5.8 Að allir starfsmenn og nemendur séu meðvitaðir um skyldur sínar og réttindi og öll mál fái sanngjarna og réttláta afgreiðslu.

Skyldur og réttindi nemenda

Skyldur og réttindi nemenda eru í skólanámskrá og lögum um framhaldsskóla.

Eitt af því sem nemendur skólans eru skyldugir til er að fara eftir skólareglunum. Í Skólamati hafa þeir spurðir um álit sitt á þeim reglum og 2013 töldu 75% nemenda reglurnar vera sanngjarnar.

Skyldur og réttindi starfsmanna

Farið er eftir lögum og reglum sem gilda um opinbera starfsmenn og fara trúnaðarmenn ásamt stjórnendum yfir þá þætti.

Hér eru notaðir mælikvarðarnir	Númer í skorkorti
<ul style="list-style-type: none">• Meðvitaðir um skyldur• Þekkja réttindi• Meðferð mála• Afgreiðsla mála	S3

5.9 Að allir starfsmenn og nemendur hafi greiðan aðgang að ráðgjöf, heilsugæslu, líkamsrækt og þeim tækjabúnaði sem nám og önnur störf krefjast.

- Ráðgjöf

Náms- og starfsráðgjöf

71% nemenda er ánægður með náms- og starfsráðgjöf (ekki mælt 2014)

Allir nýnemar eru boðaðir í upphafi náms til viðtals við námsráðgjafa og fylgja forráðamenn þeim ef þeir eru ekki orðnir 18 ára.

- Heilsugæsla

Samvinna við heilsugæslustöð.¹⁵

Starfsmönnum stendur til boða að fá mælingar á blóðþrýstingi, blóðsykri og blóðfitu. Einnig stendur þeim til boða að fá bólusetningar við influensu.

- Líkamsrækt

Nemendur

Íþróttakennsla.

Hér eru notaðir mælikvarðarnir	Númer í skorkorti
--------------------------------	-------------------

¹⁵ Eftir á að fara yfir með hvaða hætti samvinna við heilsugæslustöð á að vera eftir að starfsemi heilsugæslunnar var breytt.

• Náms og starfsráðgjöf	S2
• Heilsugæsla	V4
• Líkamsrækt	I4
• Tækjabúnaður	
• Aðstaða	

5.9.1 Náms- og starfsráðgjöf

Nemendur hafa verið spurðir beint, en við erum að skoða hvort við getum ekki einnig nýtt starfsskýrslu náms- og starfsráðgjafa við matið¹⁶. Hversu margir eru að nota þjónustuna, með hvaða hætti? Hvers konar mál koma til náms- og starfsráðgjafa, búa til flokkun. Með því fáum við enn skýrari mynd af þessum þætti sem fær sífellt meira vægi innan framhaldsskólans.

5.9.2 Að starfað sé eftir raunhæfri og rökstuddri fjárhagsáætlun, innan þess ramma sem fjárheimildir leyfa, en jafnframt skal leita leiða til að auka sértekjur skólans.

Hér eru notaðir mælikvarðarnir	Númer í skorkorti
• Raunhæf	F2
• Rökstudd	F3
• Samanburður við fjárheimildir	F4
• Sértekjur	

Við mat þessara þátta er farið í ársreikning skólans og metið hvernig til tekst.

5.10 Að skólinn leggi sig eftir samstarfi við foreldra, aðra skóla og stofnanir, aðila úr atvinnulífinu og sveitastjórnir í okkar næsta nágrenni.

Hér eru notaðir mælikvarðarnir	Númer í skorkorti

¹⁶ Náms- og starfsráðgjafi skilar tillögum í maí 2015.

<ul style="list-style-type: none"> • Samstarf • Foreldrar • Skólar • Stofnanir • MRN • Atvinnulíf • Bæjarfélög 	
---	--

Skólinn leggur sig eftir samstarfi við foreldra, aðra skóla og stofnanir, aðila úr atvinnulífinu og sveitastjórnir í okkar næsta nágrenni.

Starfrækt er samstarfverkefni foreldrafélags framhaldsskólans, grunnskólans og félagsþjónustunnar, náms- og starfsráðgjafi FÍV stýrir því starfi og er fundað reglulega og standa þessir aðilar að sameiginlegum fræðsluviðburðum fyrir foreldra og forráðamenn í Vestmannaeyjum.

Stærðfræðikennarar skólans hafa komið á samvinnu við stærðfræðikennara grunnskólans með það markmiði að auka þekkingu á milli skólastiga, miðla reynslu og stuðla að betri kennslu.

Skólameistari situr í stýrihópi um menntun hjá Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga.

Skólameistari tekur þátt í að upplýsa fræðslunefnd bæjarins um stefnu skólans og skipulag.

Smæð samfélagsins og sú mikla nálægð sem við búum í gerir það að verkum að við erum alltaf að vinna saman. Hér vantar mælikvarða og tengingu í skorkort.

5.11 Að skólinn reki kynningarstarf og tryggi stöðugt upplýsingastreymi til foreldra og samstarfsaðila.

Hér eru notaðir mælikvarðarnir	Númer í skorkorti
<ul style="list-style-type: none"> • Kynning og upplýsingar • Almenn • Til foreldra • Til samstarfsaðila 	I5

Úttekt fór fram á opinberum vefjum á árinu 2013.

	Einkunn FÍV	Meðaltal allra í úttektinni
Innihald	91	77

Nytsemi	80	81
Aðgengi	70	63
Þjónusta	90	64
Heildarskor	82	71

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru til opinbera vefja.

Verkefni	Gert
Kynningafundur á vorönn	
Upplýsingarit á haustönn	x
Kynningarfundur á haustönn	x
Upplýsingar um mætingar mánaðarlega í tölvupósti	x
Upplýsingar um námsárangur	x
Nýnemaviðtöl með forráðamönnum við námsráðgjafa	x

6. Samstarfsverkefni

Heiti verkefnis	Samstarfsaðili
Íþróttakademía	ÍBV íþróttafélag
FABLAB	Nýsköpunarstofa
Menntun í greinum sem tengjast sjávarútvegi	Sjávarklasinn- menntahópur
Efling stærðfræði- og raungreina	Tallinn Russian Central Gymnasium, Eistlandi, umsókn í vinnslu
Afburðanemendur	Grunnskóli Vestmannaeyja
Mennta- og fræðastarf á suðurlandi	Samtök sunnlenskra sveitarfélaga

7. Samantekt og umbótaáætlun

7.1 Samantekt

Stefnuskrá skólans og sú framtíðarsýn sem þar birtist er ljós og þeir þætti stefnuskrár sem úttekt var gerð á eru að mati stjórnenda í góðum farvegi. Ekki hafa allir þættir skorkortsins verið sérstaklega mældir enda er ekki ætlast til þess skv. skorkorti.

7.2 Umbótaáætlun

Það er ljóst að ekki hafa allir þættir sjálfsmatsins skilað þeim niðurstöðum sem vonast var til í upphafi og hefur verið gripið til aðgerða til að fá betri niðurstöður. Þær aðgerðir miða fyrst og fremst að því að vinnuhópar rýna enn frekar í niðurstöður sjálfsmats, greina stöðuna og koma með tillögur að úrbótum.

8. Sjálfsmatsáætlun 2015

9.1 . Inngangur

Sjálfsmat er fastur hluti af skólastarfi í FÍV. Á árinu 2015 verður haldið áfram á sömu braut. Gæðahandbók verður innleidd 2015 og skólinn stefnir á fyrstu gæðavottun 2015. Nauðsynlegt er að skóli fái slíka vottun til að geta haldið áfram að útskrifa nemendur af Vélstjórnarbraut. Einnig vonumst við að slík vottun auki einnig ímynd skólans, samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar „Stofnun ársins“ meta starfsmenn skólans ímynd stofnunarinnar lægra en starfsmenn annarra stofnanna af svipaðri stærð.

Skólinn er með stefnuskrá sem, ásamt markmiðum, er birt á heimasíðu skólans og er endurskoðuð á hverju ári.

Nýjar námsbrautir eru í mótun og þær flokkaðar eftir þrepum. Samkvæmt nýju skipuriti verða í skólanum þrjú kennsluvið og þarf að fullgera áfanga- og brautarlýsingar þannig að hægt sé að skila til ráðuneytis til samþykktar.

9.2 Hvað á að meta?

Við sjálfsmatið eru skoðaðar fjórar víddir skv. stefnukorti skólans.

- *Viðskiptamannavíddin*
- *Innri ferli*
- *Starfsmenn/þekking UT*
- *Fjármál*

Viðskiptavinir

Kennsla verður metin í könnun sem lögð verður fyrir alla nemendur skólans í öllum námsáföngum í mars og verður kennslumatskerfið í Innu notað í fyrsta sinn. Niðurstaða þeirrar könnunar verður borin saman við kannanir frá liðnum árum. Kennarar fá niðurstöður kennslukannana hjá aðstoðarskólameistara og skólameistara. Þar er niðurstaðan rædd. Hvað er gott og hvað má betur fara og markmið næstu anna sett fram. Skoðað verði hvernig hægt er að nota samræðu við áfangamat¹⁷. Plús Delta áfangamat verður framkvæmt í völdum áföngum.

Námsárangur er metinn með hliðsjón af námsárangri síðustu anna.

¹⁷ Á námskeiði fyrir kennara á haustönn 2014 benti Ingvar Sigurgeirsson á að mjög árangursríkt væri að nota frekar umræður við áfangamat heldur en þessar hefðbundnu áfangamats kannanir.

Innri ferli.

Í gæðahandbók verða öll ferli kortlögð og hefur skólinn skipað gæðaráð og fengið ráðgjafstofu Foccal til liðs við hópinn og vera til ráðgjafar. Vinnan hófst í október 2014 og skal vera lokið 2015.

Ný námskrá verður tilbúinn fyrir 1. apríl 2015.

Starfsmenn/þekking UT

Starfsþróun er mikilvæg og í samvinnu við Framhaldsskóla í Eistlandi var farið af stað með starfsþróunarverkefni fyrir kennara í stærðfræði og raungreinum.

Skilin á milli prófatíma og kennslutíma hafa verið afnumin, skólaveturinn 2014-2015 verður notaður til að skoða hvernig best sé að haga námsmati. Skólaárið hófst með námskeiði fyrir kennara um námsmat. Haldnar málstofur kennara um ólíkt námsmat þar sem þeir gera grein fyrir hvernig námsmati í þeirra áföngum er háttað. Nemendur fengnir til að koma fram með sýnar skoðanir.

Fjármál

Fjármagnið sem skólinn fær úthlutað nægir ekki til að halda úti þeirri starfsemi sem skólanum er ætlað. Launakostnaður vegur hæst en ekki er mögulegt að minnka hann nema draga úr þjónustu sem merkir að minnka þurfi kennsluna. Ljóst er að það þarf að skoða hvaða kennslu er hægt að sleppa þannig að sem minnst röskun verði á högum viðskiptavinanna sem eru auðvitað nemendurnir. Það er ekki hægt að lækka launin það er búið að skera alla umsýslu af fyrir löngu þannig að langflestir starfsmenn eru á strípuðum grunntöxtum, greiðslur fyrir millistjórnendur eru svo til engar. Kennaralaun við skólann eru lægri en annars staðar bæði grunn- og heildarlaun skv. Upplýsingum frá KÍ í September 2014. Það þarf að skoða í hverju sá munur liggur. Haustið 2014 eru mikil og alvarleg veikindi sem hrjá tæp 11% starfsmanna. Skólinn hefur því þurft að ráða inn afleysingarfólk en ekki eru gert ráð fyrir að fjárveitingar séu fyrir þeim lið.

Skorið niður í kennslu um 5% haustið 2015 og staða áfangastjóra felld inn í stöðu aðstoðarskólameistara og skólameistara. Gæðastjórnun og námskrárstjórnun er ekki sértækt starfsheiti heldur hluti af öðrum störfum stjórnenda.

Með tilkomu gæðahandbókar þá verður frekar hægt að skoða öll ferli innan skólans og auðveldara að skoða hvar hægt sé að draga saman þannig að það bitni sem minnst á kjarnastarfsemi skólans sem er kennsla.

Kennitölur skólans

Í sjálfsmatsskýrslu eru yfirlit yfir kennitölur skólans og úrvinnsla tölfræðilegra gagna.

Vestmannaeyjum febrúar 2015

Helga Kristín Kolbeins, skólameistari

Björgvin Eyjólfsson, aðstoðarskólameistari